



Dagsetning: 16. september 2022
Málsnúmer: 2209099/1.1

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Ráðningar í störf

Á fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar þann 12.9.2022 var lögð fram tillaga frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Ragnari Sigurðssyni þess efnis að allar auglýsingar um laus störf á vegum Fjarðabyggðar þurfi að hafa hlotið samþykki bæjarráðs áður en þær birtast. Bókun bæjarráðs vegna þessa hljóðar svo:

„Fram lagður tölvupóstur Ragnars Sigurðssonar um ráðningar í störf. Lagt er til að allar auglýsingar um störf á vegum Fjarðabyggðar þurfi að hljóta samþykkis bæjarráðs áður en til auglýsingar kemur. Með þessum hætti gefst sveitarfélaginu kostur á að leita leiða til endurskipulagningar og hagræðingar í rekstri með tímabundnum eða varanlegum ráðstöfunum. Bæjarráð felur bæjarstjóra að útfæra verklagið með stjórnendum.“

Undirritaður hefur síðan skoðað málið gaumgæfilega með sviðsstjórum sveitarfélagsins og rætt hvernig þessu verður best viðkomið, þannig að það samræmist þeim reglum og starfsháttum sem í gildi eru hjá Fjarðabyggð varðandi ráðningar í störf. Einnig þarf að horfa til ábyrgðar stjórnenda og þær kröfur sem sveitarfélagið sem atvinnurekandi vill gera til þeirra. Fjallað er um ráðningar í störf á nokkrum stöðum í reglum og samþykktum sveitarfélagsins. Þar kemur skýrt fram að sviðsstjórar og stjórnendur hafa heimild til ráðningar í störf sem falla innan þeirra ramma sem úthlutað hefur verið til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar hvers ár.

- Í 5. kafla, 66. grein í samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar kemur fram að sviðsstjórar og stjórnendur sveitarfélagsins fari með allar aðrar ráðningar en ráðningar í störf sem heyra beint undir bæjarstjóra.
- Í 13. gr. í reglum um starfskyldur og hlutverk stjórnenda hjá Fjarðabyggð segir:

„Stjórnendur ákveða tilhögun starfsmannahalds þeirrar stofnunar sem þeir bera ábyrgð á, m.a. ráðningu starfsmanna og tilfærslu þeirra milli starfa eftir reglum sem um ráðningar fjalla“

- Í annari grein í reglum um auglýsingar starfa og ráðninga starfsmanna hjá Fjarðabyggð er síðan fjallað nánar um þetta:

„Í fjárhagsáætlun hvers árs er gerð grein fyrir heimiliðum fjölda stöðugilda hverju sinni. Þegar staða losnar skal fara fram mat á þörf starfsins, endurskipulagningu þess eða tengdra starfa. Liggi ekki til grundvallar nægar forsendur fyrir starfinu ber að leyta hagræðingar innan hlutaðeigandi stofnunar eða skipuritsins í heild, starfið sameinað öðru eða lagt niður“



Í ljósi þess sem hér hefur verið reifað er það mat undirritaðs að reglur Fjarðabyggða geri með skýrum hætti ráð fyrir að stjórnendum sé skylt að leita leiða til hagræðingar sé þess kostur og því sé ekki þörf á að bæjarráð taki fyrir allar auglýsingar um laus störf hjá sveitarfélaginu, enda séu þær innan þessa fjárhagsramma sem úthlutað hefur verið og í samræmi við starfsáætlanir. Því er ekki uppi þörf til að taka fyrir í bæjarráði allar atvinnuauglýsingar sveitarfélagsins enda yrði slík framkvæmd tímafrek og flókin í framkvæmd þar sem starfsemi sveitarfélagsins er víðfeðm og um mörg störf að ræða

Hins vegar er sjálfsagt og eðlilegt að bæjarráð yfirfari og hafi eftirlit með fjölda starfa og eigi samtal við sviðsstjórnendur og fái greinargóðar upplýsingar frá þeim um nýtingu fjárheimilda til starfsmannamála og möguleika til hagræðinga og breytinga með reglubundnum hætti.

Tillaga bæjarstjóra:

Því er hér lögð til sú leið að sviðstjórar hvers sviðs komi með reglubundnum hætti á fundi bæjarráð (eigi sjaldnar en á 6 vikna fresti) þar sem þeir fari yfir starfsmannamál á sínu sviði og þeim stofnunum sem undir þá heyra og auglýsingar þeirra starfa sem fyrirsjáanlegar eru á næstunni. Auk þess sem verði áréttað við sviðsstjóra og stjórnendur sú krafa sem fram kemur í 2. gr. reglna um störf og ráðningar starfsmanna að leita hagræðingar séu ekki nægar forsendur fyrir ráðningu í viðkomandi starf.

Jón Björn Hákonarson,
Bæjarstjóri